

**Sp.**

**797. Tillaga til þingsályktunar**

**[435. mál]**

um aðgerðir til úrbóta á högum hinna efnaminnstu í þjóðfélaginu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir,  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að setja á stofn starfshóp skipaðan fulltrúum allra þingflokka, Félags einstæðra foreldra, Samtaka aldraðra, Öryrkjabandalags Íslands og Samtaka íslenskra félagsmálastjóra, undir forustu fulltrúa Þjóðhagsstofnunar. Hlutverk starfshópsins verði að móta ákveðnar tillögur til úrbóta á högum hinna efnaminnstu í þjóðfélaginu. Starfshópurinn fjalli m.a. um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig fella megi skattakerfið að launakerfinu, t.d. með hækkun skattleysismarka, hækkun tekjutengdra barnabóta og útborgun ónýttts persónuafsláttar.
2. Hækkun mæðralauna.
3. Hækkun örorkubóta og ellilauna sem hlutfalls af launum.
4. Aðgerðir til verðlækkunar á matvælum og öðrum brýnustu nauðsynjum.
5. Húsaleiguaðstoð.

Hópurinn hraði störfum svo sem frekast er unnt og skili tillögum eigi síðar en fyrir þingbyrjun að hausti.

**Greinargerð.**

Alþingi Íslendinga getur ekki setið aðgerðarlaust gagnvart þeirri staðreynd að fátækt er vaxandi vandamál í þjóðfélaginu, enda er sú staðreynd fyrst og fremst afleiðing þeirrar efnahagsstefnu sem Alþingi sjálft ber ábyrgð á, burtséð frá afstöðu einstakra fulltrúa þess. Nýsett lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafa fest þetta ástand í sessi enn um sinn þar sem þær koma þeim síst að gagni sem minnstar tekjur hafa.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar að atvinnureksturinn í landinu eigi að geta staðið undir launum sem hægt sé að lifa af og að hækkun grunnlauna hinna lægstlaunuðu sé algjört forgangsmál. Með nýgerðum kjarasamningum skutu aðilar vinnu- markaðarins þessu forgangsmáli enn einu sinni á frest. Því er óhjákvæmilegt að mati flutningsmanna að löggjafinn grípi inn í og tryggi öllum lágmarkstekjur fyrir dagvinnu sem miðist við framfærslukostnað einstaklings, sbr. frumvarp til laga um lágmarkslaun fyrir dagvinnu á þskj. 750.

Hins vegar eru aðstæður fólks svo mismunandi að slík lágmarkslaun geta ekki tryggt allra hag. Aldur, hjúskaparstaða, barnafjöldi og heilsufar skipta þar mestu máli og geta ráðið öllu um það hvort viðkomandi verði að búa við fátækt eða komast sæmilega af.

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig skilgreina beri fátækt og kom það m.a. fram á nýlegri ráðstefnu Samtaka íslenskra félagsmálastjóra þar sem sérfræðingar töldu allt frá 8% til 24,1% íslenskra fjölskyldna þurfa að búa við fátækt. Starfshópurinn, sem hér er gerð tillaga um, verður að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess við hvað skuli miðað og njóta við það faglegrar þjónustu kjararannsóknarnefndar, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar, svo og sérstakrar nefndar undir forsæti hagstofustjóra sem skipuð var á s.l. ári til að kanna þróun tekjuskiptingar í þjóðfélaginu.

Hins vegar greinir menn ekki á um hvaða þjóðfélagshópar það eru sem búa við lókust kjör hér á landi. Það eru fyrst og fremst einstæðir foreldrar, öryrkjar, aldraðir og sjúkir og með tilliti til þess er lagt til að fulltrúar þeirra skipi þann starfshóp sem tillagan gerir ráð fyrir, ásamt með fulltrúum þingflokkanna.

Úrbætur á högum hinna efnaminnstu er vitanlega fyrst og fremst siðferðilegt atriði og engin spurning í hugum flutningsmanna um skyldur Alþingis í þeim efnum. Það eitt út af fyrir sig er nægilegur rökstuðningur fyrir flutningi þessarar tillögu.

Hins vegar munu efalaust margir segja sem svo að slíkar úrbætur séu dýrar í framkvæmd og því sakar ekki að minna á þá staðreynd að það er einnig dýrt að halda fólki niðri í launum og lífskjörum. Lausnir þeirra óteljandi og þungbæru vandamála, sem fylgja í kjölfar sárrar fátæktar, eru þjóðfélaginu áreiðanlega dýrari en þær úrbætur á högum hinna efnaminnstu sem mundi leiða af framkvæmd þessarar tillögu.